



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 1. fundur stjórnar KLÍ, 2012-2013

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Miðvikudagur 2.05.2012 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) formaður
Höskuldur Höskuldsson (HH)
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV)
Ingi Geir Sveinsson (IGS)
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður
Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ

Boðuð forföll:

Fjarverandi:

Fundarritari: ÞMÞ

Helstu mál: Stjórn skiptir með sér hlutverkum, hentugur fundartími stjórnarmanna

Dagskrá fundarins:

1. Skipting verkefna í stjórn:

ÞMÞ lagði til eftirfarandi tillögu um verkaskiptingu í stjórn KLÍ:

Höskuldur Höskuldsson, varaformaður

Ólafur Páll Vignisson, gjaldkeri

Heiðar Rafn Sverrisson, ritari

Ingi Geir Sveinsson, meðstjórnandi

Og að auki var lagt til að starfsmaðurinn myndi sitja stjórnar fundi og rita fundargerðir.

Tillagan samþykkt

2. Afmæli KLÍ:

ÞMÞ spurði fyrri stjórnarmenn að því hvernig staðan væri og lagði jafnframt fram lista yfir orðuveitingar sem samþykktur var samhljóða.

3. Fundartími:

Fundartími er ákveðinn annan hvern miðvikudag kl. 18:00 þetta er hugsað með þessum hætti á meðan verið er að koma starfseminni af stað aftur.

4. Önnur mál:

ÓPV nefndi að fyrr um daginn hefði borist erindi frá ÍSÍ um fyrirtöku á máli Aganefndar fyrir dómstól ÍSÍ. Hann kvaðst vera upptekinn og ætluðu menn að kanna hvort Sigríður Klemensdóttir gæti mætt í dóminn fyrir hönd Aganefndar.

Landsliðsmálin voru rædd, en kvennalandsliðið er á leið á Evrópumót kvenna í Hollandi.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

IGS kom með spurningu fyrir fundinn, um hvort senda ætti keppendur á Heimsmeistaramót einstaklinga sem haldið verður á Kýpur í haust, en sú keppni er ekki á fjárhagsáætlun KLÍ og ætlar stjórn að skoða málið betur.

Rætt var um þátttöku stjórnarmann í nefndum og ákveðið að gjaldkeri sitji í landsliðsnefnd, en ákvörðun um aðrar nefndir verða teknar síðar.

Fundi slitið 19:00 – næsti fundur verður 23.05.2012 kl. 18:00.